

Tillaga um að að hefja vinnu við endurskoðun siðareglna bæjarstjórnar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber nýrri sveitarstjórn að meta hvort ástæða sé til að endurskoða gildandi siðareglur sveitarfélagsins. Æskilegt er að reglurnar séu endurskoðaðar reglulega og helst í hvert sinn sem ný sveitarstjórn er skipuð. Rökin fyrir þessu eru þau að með því að taka þátt í endurskoðunarferlinu tileinka kjörnir fulltrúar sér reglurnar og eignast hlutdeild í þeim.